

A 1694/vælfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

þingmannatillögu um að efla norrænt samstarf um að standa vörð um flóttafólk og hælísréttinn**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna þingmannatillögu um að efla samstarf um að standa vörð um flóttafólk og hælísréttinn.

Bakgrunnur

Norræn vinstri græn fluttu þingmannatillögu um að efla norrænt samstarf um að standa vörð um flóttafólk og hælísréttinn. Í tillögunni er vísað til þess að Norðurlöndin keppist um að herða stefnu í málefnum hælisleitenda til að koma í veg fyrir að flóttafólk streymi til landanna. Skortur á samstarfi leiðir til þjóðernislegrar sérdrægni sem Norræn vinstri græn vilja stemma stigu við.

Í þingmannatillögunni eru norrænu ríkisstjórnirnar hvattar til þess að vinna saman að því að standa vörð um hælísréttinn og finna sameiginlega lausn varðandi móttöku flóttafólks. Enn fremur er lagt til að landamæraeftirlit innan Norðurlanda verði afnumið í því skyni að verja norræna vegabréfafrelsið. Þá er lagt til að Norðurlöndin taki upp samstarf um fólksflutninga og aðlögunarmál þar sem fundað er reglulega á ráðherrastigi; að löndin kanni hvernig þau geti átt samstarf við SP um að bæta móttöku flóttafólks og tryggja hælísréttinn; að löndin vinni saman að því að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna á Norðurlöndum og að löndin vinni saman að endurskoðun Dyflinnarreglugerðarinnar en hún kveður á um í hvaða aðildarríki ESB eigi að afgreiða hælisumsókn.

Norræna velferðarnefndin fundaði í Stokkhólmi í apríl þar sem Katarina Areskog Mascarenhas, yfirmaður sendiskrifstofu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Svíþjóð, kynnti tillögu um endurskoðun Dyflinnarreglugerðarinnar. Tillaga framkvæmdastjórnar ESB. Framkvæmdastjórnin kynnti nýja Dyflinnarreglugerð í maí en henni er ætlað að bregðast við þeirri stöðu sem kemur upp þegar eitt aðildarríki ESB fær hlutfallslega of marga hælisleitendur og jafnframt að deila ábyrgðinni á sanngjarnan hátt innan ESB. Hugmyndin að baki tillögunnar er að halda í grunnregluna um fyrsta hælislandið, en jafnframt verði innleidd svonefnd sanngirniregla. Hún fæli í sér að þegar fjöldi hælisumsókna í einu landi verður hærrí en 150% af



viðmiðunarstuðli skuli frekari umsóknnum beint til annarra aðildarríkja ESB. Framkvæmdastjórnin leggur jafnframt til að tekin verði upp samstöðuframlög. Það er að þegar eitt land getur ekki staðið við sinn hlut að svo stöddu skuli það greiða 250 þúsund evrur fyrir hvern þann leitanda sem það neitar um hæli til lands sem tekur við honum. Nýja reglugerðin hvetur til þess að hælisleitendur fari eftir lögum og að skiptingin milli landa verði skilvirkari. Þá er lagt til að staða fylgdarlausra barna og fjölskyldna verði tryggð. Á skrifandi stundu er vonast til þess að Evrópulöndin komist að samkomulagi um endurskoðun Dyflinnarreglugerðarinnar á sumarmánuðum 2017.

Gerð hefur verið norræn samstarfsáætlun á þessu sviði. Helstu þættir hennar eru:

1. Miðstöð upplýsingamiðlunar – miðlægur samþæfingaraðili sem styður virka miðlun þekkingar og góðra dæma og skipti á reynslu
2. Efldur þekkingargrunnur
3. Norræn fjármögnun aðlögunarverkefna í löndunum
4. Sérstakt ráðherrasamstarf

Norrænir ráðherrar sem fara með aðlögunarmál funduðu á haustdögum 2016. Á óformlegum fundi í september 2016 ræddu þeir m.a. endurskoðun Dyflinnarreglugerðarinnar, innra landamæraeftirlit og Schengensamstarfið, heimsendingar og aldursmat. Ráðherrarnir ákváðu að auka samstarf um heimsendingar aðkomufólks sem á ekki rétt á að setjast að á Norðurlöndum. Norrænu aðlögunarráðherrarnir sendu sameiginlegt bréf til framkvæmdastjórnar ESB þar sem því var mótmælt að ekki væri hægt að endursenda hælisleitendur til Ungverjalands.

Sjónarmið nefndarinnar

Flokkahópur miðjumanna styður metnað Norrænna vinstri grænna um að hamla á móti frekari landamærahindrunum innan Norðurlanda. Hins vegar telur miðflokka-hópurinn að á meðan ekki er reynt að koma á norrænu skiptikerfi þar sem hælisleitendum er skipt á „sanngjarnan“ hátt milli landanna, einnig Álandseyja, Færeyja og Grænlands, sé það innanríkismál landanna hvornig þau taka á og standa vörð um hælisréttinn. Það á einnig við um landamæraeftirlit eftir þörfum. Flokkahópur miðjumanna vill bíða átektu þar til samkomulag hefur náðst um endurskoðun Dyflinnarreglugerðarinnar.

Flokkahópur jafnaðarmanna vísar til þess að í dag sé um innanríkismál að ræða sem jafnframt þurfi að skoða út frá sjónarhorni ESB eins og kom greinilega fram á haustdögum 2015. Hvað varðar fylgdarlaus börn og samstarf um fólksflutninga og aðlögun þá hafi Norðurlandaráð nú þegar vakið athygli Norrænu ráðherranefndarinnar á því að þörf sé á að bera saman bækur sínar og auka samstarf um þessi mál. Þar kemur einnig fram að fjöldi hælisleitenda skipti miklu máli fyrir aðlögun og velferðar-samfélagið í heild sinni.

Flokkahópur hægrimanna vísar til þess að Norðurlandaráð hafi þegar látið móttöku fylgdarlausra barna sig varða og átt þátt í því að vekja máls á málaflokknum og samanburði á reynslu á norrænum vettvangi.



Norrænt frelsi styður stefnu Dana og Finna í málefnum hælisleitenda og tekur undir með Fremskrittspartiet og Svíþjóðardemókrötunum um að halda beri áfram eftirliti á landamærum Svíþjóðar og Danmerkur. Flokkahópurinn telur mikilvægt að auka upplýsingaskipti, einnig milli stjórn mála fólks, um aðgerðir í málum hælisleitenda og fólksflutninga á Norðurlöndum.

Þórshöfn í Færeyjum, 28. júní 2017

Bente Stein Mathisen (H)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Jenis av Rana (Mfl.)

Karen J. Klint (S)

Krista Mikkonen (gröna)

Kåre Simensen (A)

Lennart Axelsson (S)

Maria Stockhaus (M)

Mika Raatikainen (saf)

Paula Bieler (SD)

Rikard Larsson (S)

Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)

Ulf Leirstein (FrP)

Fyrirvari

Norræn vinstri græn gerðu fyrirvara við ákvörðun nefndarinnar og skýrðu stuðning sinn við upphaflega tillögu:

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að norrænu löndin vinni saman að því að standa vörð um hælisréttinn og finna sameiginlega lausn á móttöku flóttafólks;

að norrænu löndin vinni að afnámi landamæraeftirlits innan Norðurlanda og standi vörð um norræna vegabréfafrelsið;

að norrænu löndin komi á norrænu samstarfi um fólksflutninga og aðlögunarmál með reglulegum fundum á ráðherrastigi;

að norrænu löndin kanni hvernig bæta megi móttöku flóttafólks og tryggja hælisréttinn í samstarfi við SP;

að norrænu löndin starfi saman að því að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna á Norðurlöndum;

að norrænu löndin vinni saman að endurskoðun Dyflinnarreglugerðarinnar.

Þórshöfn í Færeyjum, 28. júní 2017

Christian Juhl (EL)